



MENNINGARSTOFNANIR
REYKJAVÍKURBORGAR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN
www listasafnreykjavikur.is Sími 590 1200

HAFNARHÚS

Sovésk veggspjöld, Penetration, Erró
Leidsögn sunnud. kl. 15.00

KJARVALSSTAÐIR

Helgi Þorgils, Mobiler (frá 4.4.), Kjarval
Leidsögn sunnud. kl. 15.00

ÁSMUNDARSAFN

Ásmundur Sveinsson



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

s. 563 1717

Upplýsingar um afgreiðslutíma:
s. 552 7545 og á heimasíðu
www.bokasafn.is

Nýtt í bókasafninu Gerðubergi
Nettengdar tölvur fyrir almenning.
Upplýsingar í síma 557 9122
Hefur þú kynnt þér Bókmenntavef
Borgarskjalasafns?
www.bokmenntir.is



Borgarskjalasafn Reykjavíkur
www.rvk.is/borgarskjalasafn
Sími: 563 1770

LESSTOFA OG AFGREIÐSLA

opin alla virka daga kl. 10-16.



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

www.ljosmyndasafnreykjavikur.is • 563 1790
Ljós-hraði – fjórir íslenskir samtímaljós-
myndarar, 28. feb. - 4. maí 2003
Afgreiðsla og skrifstofa opin virka daga
frá 10 - 16. Opnunartími sýninga virka
daga 12 - 19 og 13 - 17 um helgar.
Aðgangur ókeypis.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg
www.gerduberg.is • sími 575 7700.

Þetta vil ég sjá!
Ingibjörg Sólrún velur verk
á sýninguna.
Ríkarður Long Ingibergsson sýnir
tréskurð í Félagsstarfi Gerðubergs.
Leidsögn um sýningu
Ríkarðs um helgar.
Sýningar opnar frá kl. 11-19 mán.-fös.,
kl. 13-17 lau.-sun.
Tónleikar með Gunnari Kvaran og Elsu
Waage sumardaginn fyrsta.



Minjasafn Reykjavíkur
Árbæjarsafn - Víðey
www.arbaejarsafn.is

Safnhús Árbæjarsafns eru lokað en boðið
er upp á leiðsögn alla mánud., miðvikud. og
föstudaga kl. 13. Einnig er tekið á móti hóp-
um eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar í
síma 577 1111. Upplýsingar um leiðsögn í
Víðey í síma 568 0535.



Minjasafn Orkuveitunnar

Minjasafn Orkuveitunnar í
Elliðaárdal er opið
sun. 15-17
og eftir samkomulagi
í s. 567 9009



hvað? hvar? hvenær?

1 2 3 4 5 6 7

Föstudagur

FUNDIR

10.00 **Ragnarök og byzanskar dómsdagsmyndir með ormi** er yfirskrift málþings í almennum trúarbragðafræðum, sem haldið er í **Skálholtsskóla** í samstarfi Endurmenntunar HÍ og guðfræðideildar HÍ. Fyrirlesarar eru **Yury Bobrov, Gunnlaugur A. Jónasson, Dagur Þorleifsson, Tryggvi Gíslason, Pétur Pétursson og Hjalti Hugason.**

12.00 **Stígamót** gangast fyrir opnum fundi með **frambjóðendum** flokkanna í **Hlaðvarpanum** föstudaginn 4. apríl kl.12. Á dagskrá verða málefni kynjanna með sérstakri áherslu á **kynferðis-öfubeldi** í sinni víðustu mynd. Gestir verða **Sólveig Pétursdóttir, Jónína Bjartmarz, Áni Magnússon, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Agúst Ólafur Ágústsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurður Ingi Jónsson.**

12.15 **Víð fríðarstund í Neskirkuju** munu **Hrólfur Sæmundsson**, barítónsöngvari, **Dean Ferrel**, kontrabassaleikari, og **Steingrímur Þórhallsson** organisti flyta veraldlega kantötu eftir Jóhann Sebastian Bach. Séra **Órn Bárður Jónsson** les ritningarlestur og stýrir bænaþjód.



13.15 Ráðstefna um **framtið borga(r)** verður haldin í **Norraena húsinu** og stendur hún til klukkan fjögur. Flutt verða fjögur erindi en að því búnu verða pallborðsumræður. Umræðustjóri verður **Stefán Ólafsson**, forstöðumaður Borgarfræðaseturs. Ráðstefnan er lokahnykkur á röð hádegisfyrirlestra sem haldnir hafa verið í Norraena húsinu í vetur á vegum Sagnfræðingafélags Íslands og Borgarfræðaseturs undir yfirskriftinni „Hvað er borg?“.

14.00 **Þorsteinn Þorsteinsson** líf-efnafræðingur ver doktorsritgerð sína um um efnasmíði á fitusæknium forlyfjum og mjúkum efnium. Athöfnin fer fram í **Hátíðasal Háskólans** og er öllum opin.

OPNANIR

16.00 **Finnur Arnar** opnar myndlistarsýningu í versluninni **12 Tónum** að Skólavörðustíg í tilefni fimm ára afmælist verslunarinnar. Sýningin ber yfirskriftina **Að vera eða að þykjast ekki vera.**

17.00 **Ilmur Stefánsdóttir** myndlistarmaður opnar sýningu á **Kjarvalsstöðum.**

KVIKMYND

17.15 Heimildamyndin **Dagsverk** eftir Kára Schram verður sýnd í **Nýlistasafninu** á sýningu helgaðri Degi Sigurðarsyni.

TÓNLIST

20.00 **Karlarórin** **Fóstbræður** heldur þriðju og næsti síðustu vortónleika sína í Hafnarborg í Hafnarfirði. Efnisskrá Fóstbræðra er fjölbreytt að vanda. Einsöngvarar eru allir úr röðum kórsins. Stjórnandi er sem fyrr Áni Harðarson.



20.30 **Karlarór Keflavíkur** syngur í Grindavíkurkirkju. Stjórnandi er **Vilberg Viggósson** og einsöngvarar á tónleikunum verða **Steinn Erlingsson** og **Haukur Ingimarsson**. Á þessu ári verður kórinn fimmtugur.

MYNDLIST

Tvíeggjuð farartæki

Ilmur Stefánsdóttir smíðar farartæki. Ekki þó beinlínis venjuleg farartæki. Þau jaðra við að vera ónothæf með öllu. Að minnsta kosti er eitthvað mót-sagnakennt við hjólaskauta með sæti, eða þrekhlól á hjólum.

Ilmur er myndlistarmaður og opnar í dag sýningu á verkum sínum í miðryminu á Kjarvalsstöðum. Hún hefur lengi verið að velta fyrir sér ofgnótt hlutanna í kringum okkur, öllu því sem reynt er að selja okkur á hverjum degi.


„Allt er þetta frekar tvíeggjað einhvern veginn,“ segir Ilmur.

„Sum þessi farartæki á Kjarvalsstöðum hef ég sjálf gert frá grunni, eins og til dæmis göngugrind fyrir fulloröna sem er alveg eins og göngugrindur fyrir börn. Annað eru fundnir hlutir eins og gamalt þrekhlól frá 1957, sem lítur út eins og reiðhlól.“

Ilmur tekur fram að fólk er frjálst að nota þessi farartæki og bruna eftir göngum safnsins, svo fremi sem það kemst eitthvað áfram að gagni.

„Það verða öryggishjálmar á staðnum,“ segir hún til hughreystingar.

„Einnig er ég með vídeóverk þar sem ég sést sjálf ferðast um á þessum farartækjum. Þarna er ég að ferðast frá hvergi til hvergi, ef svo má segja. Ég er svolítið eins og manneskja á ferð í óbyggðum, sem lendir í vandræðum og þarf að bjarga sér án þess að hafa neitt við hendina. Hugmyndin er fengin úr **Buster Keaton**-mynd sem ég sá fyrir mörgum



ILMUR Á FERÐ OG FLUGI
Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag.

árum þar sem hann datt af lest og fann svo einhvern vagn á teininum, sem hann gat notað til að halda áfram ferðinni.“

Í gluggunum getur svo að líta litlar sögur tengdar farartækjum, sem Ilmur hefur rekist á í dagblöðum eða bókum.

„Þarna er til dæmis sagan af manningum sem hafði þá áratu að geta ekki hætt að stela jeppakerrum.“

Þessar sögur eru hver annarri kostulegri. Hér er ein: „Í desember 1969 tilkynnti Serbinn Milovje Ristic að hann hygðist éta strætisvagn. Sagðist hann hafa keypt sér gamlan strætisvagn og hygðist éta hann í rólegheitum næstu 2 árin.“

gudsteinn@frettabladid.is

Þetta list mēr á!



JÓHANNA REYNISDÓTTIR

Ég gæti nú valið meira en þrennt af því sem er í boði í dag,“ segir Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri í Vogum á Vatnsleysuströnd. „Ég myndi fara á Stígamótafundinn og fríðarstundina í Neskirkuju. Það er úr vöndu að ráða með hitt. Ég væri til í að sjá Íslenska dansflokkinn og svo væri ég til í að sjá Veisluna aftur. Ég hugsa að Veislan yrði ofan á.“ Jóhanna er dugleg að sækja listviðburði. „Við erum saman í hópi tíu manns sem förum saman í leikhús, tónleika og listsýningar.“ Hún segir hópinn upphaflega hafa verið með áskrift í Þjóðleikhúsinu. Núna velja hver hjón einn viðburð. „Þetta tryggir það að við sjáum að minnsta kosti einn viðburð í mánuði yfir veturinn.“

Val Jóhönnu



21.00 **Eivör Pálsdóttir** og hljómsveit eru með tónleika í **Kaffileikhúsinu.**

21.00 **Karlarórin Stefni** frá Mosfellsbæ heldur vortónleika með **Borgarkvartettinum** í **Miðgarði** í Skagafirði. Einsöngvarar innan kórsins og Borgarkvartettsins eru í drjúgu hlutverki, þar á meðal hinn gamalkunni söngvari **Þorvaldur Halldórsson.**

LEIKLIST

14.00 **Leikfélagið Snúður** og **Snælda** sýnir gamanleikritið „Forsetinn kemur í heimsókn“ í Ásgarði, Glæsibæ. Fær sýningar eftir.



20.00 **Íslenski dansflokkurinn** sýnir **Lát hjartað ráða för**, þriðju ný verk eftir Katrínu Hall, Itzik Galili og Ed Wubbe, á **Stóra sviði Borgarleikhússins.** Þetta er síðasta sýningin.

20.00 **Farsinn Allir á Svið** eftir Michael Frayn er sýndur á **Stóra sviði Þjóðleikhússins**, þýddur og leikstýrður af Gísla Rúnari Jónssyni.

20.00 **Rakstur** eftir Ólaf Jóhann Ólafsson á **Litla sviði Þjóðleikhússins.**

20.00 **Veislan** eftir Thomas Winterberg og Mogens Rukov á **Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.**



20.00 **Maðurinn sem hélt að konan hans væri hattur** eftir Peter Brook og Marie-Hélène Estienne á **Nýja sviði Borgarleikhússins.**

Mitt mat

Maðurinn sem hélt að konan hans væri hattur er sýning sem ég var mjög hrifinn af,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. „Mér fannst það stórkostleg sýning, ekki bara vegna þess í hvaða fagi ég er, heldur hvernig tekið var á mannlegum vandamálum. Það skipti ekki meginmáli hver vandamálin voru, heldur var þetta gert af krafti, styrk og inn-sæi.“

